

Hlíðarvegur 61, 63 og 65 – one 1908534
Umsögn umhverfissviðs
12. júní 2023.

Inngangur:

Íbúar og eigendur húsanna að Hlíðarvegi 61, 63 og 65 fara þess á leit í erindi til bæjarráðs 1. ágúst 2019 með ítrekun 14. apríl 2023 að gerð verði bílastæði fyrir framan umrædd hús sem samsvara bílastæðum utar við Hlíðarveginn. Að sögn lóðarhafa hafa gestir margsinnis verði sektaðir fyrir að leggja bílum sínum upp á graskanti við veginn og hafa þeir mótmælt harðlega við lögreglu vegna þessa. Það bar árangur þangað til að bílastæðasjóður Kópavogs tók til starfa að sektir upphófust aftur. Engin umferðarmerki eru við götuna sem banna bílastæði við götuna. (sjá fylgiskjal 1) Á fundi bæjarráðs 22. ágúst 2019 var erindinu vísað til umsagnar umhverfissviðs. Ítrekuð beiðni barst 19. apríl 2023 til bæjarráðs. (sjá fylgiskjal 2)

Forsendur:

Gatnakerfi Kópavogs er flokkað í stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsagötur. Safngötur og húsagötur hverfa eru ekki skilgreindar sérstaklega á aðalskipulagsuppdraetti. Á safngötum Kópavogs er jafnan leyfður 50 km hámarkshraði enda er að jafnaði ekki aðkoma að lóðum frá safngötum. Sem dæmi um safngötur eru Kóravegur í Vatnsenda, Salarvegur í Salahverfi og hluti Álfhólsvegar og Hlíðarvegar í Digranesi. Safngötur eru snjóruddar í samræmi við forgangsörðun og munar þá miklu að bílum sé ekki lagt í götum. (sjá fylgiskjal 3) Húsagötur eru yfirleitt með 30 km hámarkshraða með aðkomu að húsum og bílastæðum og heimildir að leggja bílum á bæjarlandi þar sem götukantur er til staðar og lagt sé í samræmi við 28. gr. og 29. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í 1. mgr. 29. gr. sömu laga er í lið f tekið fram að eigi megi stöðva ökutæki eða leggja því þar sem akbraut er skipt í akreinar með óbrotinni mið- eða deililínun milli akreina eða svo nálægt slíkri línu að torveldi aksturs inn á rétta akrein.

Niðurstaða

Skipulagsáætlanir gera ekki ráð fyrir að gerð verði sérstök bílastæði við Hlíðar

Bæjarráð Kópavogs

Hr. Formaður Birkir Jón Jónsson

	KÓPAVOGSBÆR MÓTTEKIÐ
19. ÁGÚ. 2019	
Málsnr.:	1908534
Bréfastykill:	5-17.00

Við undirritaðir íbúar og eigendur að húseignum á Hlíðarvegi 61, 63 og 65 Föllum þess á leit að gerð verði bílastæði fyrir framan húseignirnar okkar sem samsvara bílastæðum utar við Hlíðarveginn.

Gestir okkar hafa margsinnis verið sektaðir fyrir að leggja bílum sínum upp á graskanti við veginn og höfum við mótmælt harðlega við lögreglu vegna þessa. Það bar árangur þar til bílastæðasjóður Kópavogs tók til starfa að sektir upphófust aftur og unum við því illa.

Rætt var við bæjarstjóra, Ármann Kr. Ólafsson fyrir þremur árum síðan og seinna við Steingrím Hauksson að gerð verði bílastæði við götuna en án árangurs.

Allir vita þegar mikið fjölmenni kemur saman vegna athafna í Digraneskirkju þá er bílum lagt upp á graskanta beggja vegna götunnar og er það látið óátalið af yfirvöldum.

Engin umferðamerki eru við götuna sem banna bílastæði við götuna og höfum við beðið gesti okkar að leggja í götunni án þess að fara upp á graskantinn. Þetta veldur umferðatöf og slyshættu sem við teljum vera verri kost en að leggja upp á graskantinn.

Við erum orðin leið og þreytt á því ófermdarástandi sem yfirvöld hafa sýnt gestum okkar með óréttlátum sektum þegar við fáum heimsóknir, þar sem engin bílastæði eru í götunni.

Það er drjúgur spökur fyrir gesti okkar að leggja bílum sínum í bílastæði sem byrja við Hlíðarveg 57 ef þá eru laus bílastæði þar.

Er því eindregin ósk okkar að farið verði sem fyrst í þessar framkvæmdir.

Svar óskast frá bænum um þessa beiðni okkar.

Kópavogi 1. Ágúst 2019

Sverrir Jónsson



Bæjarstjórn Kópavogs

Bæjarstjóri frú Ásdís Kristjánsdóttir

Hjálagt fylgir afrit af bréfi sem við íbúar við Hlíðarveg 61,63 og 65 sendum Bæjarráði Kópavogs 1. Ágúst 2019. Endurtek 1. Ágúst 2019. Tekið skal fram að Bæjarráð Kópavogs hefur ekki enn svarað þessari beðni okkar heldur hundsáð hana.

Þar sem ný bæjarstjórn og nýr bæjarstjóri hafa tekið við völdum síðan bréfið var ritað í ágúst 2019 viljum við áréttu þessa beðni okkar og vonum að ný Bæjarstjórn taki upp þetta mál og a.m.k. svari þessari beðni okkar.

Kópavogi 14. apríl 2023

Sverrir Jónsson Hlíðarvegi 61

Atli Már Markússon Hlíðarvegi 63

Runólfur Þórðarson Hlíðarvegi 65

Forgangsroðun gatna í Kópavogi

Forgangsroðun við mokstur og söltun gatna er skýrð á kortum sem Kópavogsbær hefur útbúið. Farið er eftir litum á leiðum til að skýra þá þjónustu sem leitað er eftir. Vegagerðin hefur umsjón með lituðum leiðum samkvæmt korti frá Kópavogsbæ. Forgangsleiðir eru mokaðar og saltaðar af verktataka Kópavogsbæjar og stýrt af Vegagerðinni.

1. Götur í fyrsta forgangi (rauð leið)

Þetta eru tengigötur, fjölfarnar safngötur og leiðir strætisvagna. Reynt er að tryggja að þessar leiðir séu ávallt færar og ganga þær fyrir öðrum götum. Salta skal göturnar meðan aðstæður leyfa ($<-10^\circ$).

2. Götur í öðrum forgangi (blá leið)

Þetta eru minni safngötur, leiðir að skólum og varhugaverðar brekkur. Farið er í hreinsun á þessum götum eftir að tryggt er að götur með fyrsta forgang séu færar. Þegar aðstæður eru þannig að þörf er að taka bláar leiðir, má taka þær samhliða rauðum. Þetta má eingöngu gera ef hægt er að tryggja að rauðar leiðir standast tímaáætlun. Salta skal göturnar meðan aðstæður leyfa ($<-10^\circ$).

3. Götur í þriðja forgang (græn leið)

Þetta eru fjölfarnar íbúagötur ásamt fjölförnum verslunar- og iðnaðargötum og aðrar erfiðar íbúagötur þegar snjór eða hálka myndast. Hreinsa þarf þessar götur þegar götur í fyrsta og öðrum forgangi eru færar/lokið. Meta þarf sérstaklega hvort salta eigi göturnar eða sanda.

4. Fjórði forgangur (ómerkt á korti)

Húsagötur, botngötur og minni götur eru eingöngu hreinsaðar þegar götur í fyrsta, öðrum og þriðja forgangi eru færar, þó stefnt sé að því að snjódypt sé ekki meiri en 15 cm. Verkstjórar þjónustumiðstöðvar ákveða hvort þessar götur eru hreinsaðar og hvort

■ **28. gr. Stöðvun ökutækis og lagning þess.**

- Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því þannig að valdið geti hættu eða óparfa óþægindum fyrir aðra umferð.
- Á vegi má einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin. Þar sem einstefnuakstur er má þó setja aðrar reglur, sbr. 1. mgr. 84. gr. Utan þéttbýlis má einungis stöðva eða leggja ökutæki hægra megin miðað við akstursstefnu. Þó má stöðva eða leggja ökutæki vinstra megin ef ómögulegt reynist að stöðva eða leggja því hægra megin á vegi. Stöðva skal ökutæki eða leggja því við ystu brún akbrautar og samhliða henni eða utan hennar, ef unnt er.
- Eigi má stöðva [skráningarskylt] ¹⁾ ökutæki eða leggja því á stöðum sem ekki eru ætlaðir fyrir umferð slíkra ökutækja, svo sem gangstétt, göngustíg, göngugötu, hjólareið eða hjólastíg nema annað sé ákveðið, sbr. 1. mgr. 84. gr. Sama á við um umferðareyjar, grassvæði og aðra svipaða staði.
- Þegar ökumaður yfirgefur vélknúð ökutæki skal hann stöðva vél þess og búa svo um að það geti ekki runnið sjálfkrafa eða aðrir látið það fara af stað.
- Opna skal dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óparfa óþægindum. Sama á við þegar farið er í eða úr ökutæki, svo og við fermingu og affermingu.

¹⁾L. 39/2021, 4. gr.

■ **29. gr. Sérstakar reglur um bann við stöðvun eða lagningu ökutækis.**

- Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því:
 - a. á gangbraut eða innan 5 metra frá henni,
 - b. á vegamótum eða innan 5 metra frá næstu brún akbrautar á þvervegi,
 - c. þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós,
 - d. í veggöngum, undir brú eða á brú, nema sérstaklega sé ráð fyrir því gert,
 - e. í eða við blindhæð eða beygju eða annars staðar þar sem vegsýn er skert,
 - f. þar sem akbraut er skipt í akreinar með óbrotinni mið- eða deililínu